

AUGLÝSING

um afgreiðslu Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Hagasmári 1. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Kópavogs 24. mars 2025, með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 3. tl. 3. gr. í viðauka IV við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulaginu Hagasmári 1, verslunar- og þjónustusvæði í Kópavogsdal fyrir lóðina nr. 1 við Hagasmára. Í breytingunni felst aukning byggingarmagns í 64.000 m² ásamt stækkun byggingarreits um 3,3 m² til suðausturs. Nýtingarhlutfall eykst úr 0,96 í 1,03. Að öðru leyti er vísað til skilmála gildandi deiliskipulags.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 9. júlí 2025.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 23. júlí 2025